

## Skólaráðsfundur 19.2. 2018

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir, Erla Björnsdóttir, Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir, Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir, Ólöf Sívertsen, Sigríður Halldórsdóttir, Þorbjörg Jensdóttir, Daniela Grétarsdóttir.

Dagskrá fundar:

### 1. Skóladagatöl 2018 – 2019

Skólastjóri kynnir bæði leikskóla- og grunnskóladagatalið, engar athugasemdir komu en fyrirspurn kom frá Þorbjörgu varðandi jólafrí. Skóladagatalið var staðfest í fræðsluráði og verður kynnt foreldrum bráðlega. Einn sameiginlegur fræðsludagur verður í september fyrir leik- og grunnskólastarfsmenn ásamt starfsmönnum í frístundaselum skólanna. Einnig verður starfsdagur 23. janúar hjá sömu stofnunum. Fyrirspurn kom fram varðandi ósamræmi milli skólanna í Mosfellsbæ. Ekki náðist samkomulag í kennarahópum skólanna um skóladagatalið og því tóku skólastjórar skólanna loka ákvörðun. Ekki náðist sátt um að hafa jólaböllin 21. desember 2018 og til þess að hægt væri að slíta skóla fyrir hvítasunnu 2019 var ákveðið að skólaslitadagur það vor verði tvöfaldur dagur. Umræður um af hverju Krikaskóli er með 200 skóladaga.

### 2. Fjárhagsáætlun 2018

Lágafellsskóli:

Farið yfir liðinn millifærð kostnaðarhlutdeild og hann útskýrður af skólastjóra. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir stöðugildi þroskaþjálfara. Einnig er aukið fjármagn í sérkennslu, einna helst vegna tilkomu Fellsins. Launaliður hækkar einnig milli ára.

Fyrirspurn um Fellið og hvað fellst í því úrræði og um tómsundarfræðinga í kjölfarið. Skólastjóri sagði mikinn utanaðkomandi áhuga á hlutverki tómsundafræðinga innan skólans.

Betri nýting hefur verið á ljósritun með tilkomu nýju ljósritunarvélanna og hefur sá kostnaður lækkað töluvert milli ára.

Liðurinn aðkeypt vinna hefur lækkað og undir þeim lið eru t.d. túlkar og fleira en það sem hafði mestu áhrif á lækkun er að ekki er gert ráð fyrir danskennslu. Möguleiki er samt á að taka inn aðra kennslu s.s. núvitundarkennslu.

Höfðaberg:

Fyrirspurn um hvort það sé hagnaður á sölu ávaxta en svo er ekki, kemur út á pari.

Sérkennsla er skilgreind sérstaklega og er þar af leiðandi komin inn á fjárhagsáætlun.

## Skólaráðsfundur 19.2. 2018

Frístund:

Hækkun milli ára sem skýrist af auknum fjölda barna en erfitt getur verið að áætla þátttöku í frístundinni sem getur verið breytileg milli ára. Líst yfir mikilli ánægju með starfið sem unnið er frístund fyrir 3. og 4. bekk og tenginguna við Vinaliðaverkefnið. Spurt um hvað felist í liðnum læknis- og hjúkrunarþjónusta og á hann við um t.d. plástra og annað.

3. Samræmd próf í 9. bekk

Skólastjóri upplýsir að þau verða haldin dagana 7. 8. og 9. mars.

4. Frammistaða nemenda í lesfimi – þróun frammistöðu

MMS er búið að senda út skýrslur vegna niðurstöður lesfimiþróa sem lögð voru fyrir í janúar. Samkvæmt landsmeðaltali er miðstigið og unglingsstigið áhættuhópur og þarf að skoða hvað hægt er að gera til að hvetja þau til lesturs. Umræða um mikilvægi eftirfylgni foreldra og samfélagsins alls í rauninni. Einnig um mikilvægi lesskilnings og að efla orðaforða barnanna.

Skólinn: Þegar horft er á skólann kemur í ljós að í 2.- 4. bekk bendir allt til að nemendur nái í vor viðmiðum MMS . Í 7. bekk eru yfir 41% ekki búin að ná lágsta viðmiði og er það slakasti árangurinn. Í kjölfarið myndaðist umræða um eftirfylgni kennara og hvað þeir eru að gera til að hvetja nemendur til lesturs. Einnig rætt um hvort það sé verið að vinna eftir læsistefnu skólans, t.d. hvort allir árgangar fara í PALS og hvort yndislestur er í öllum bekkjum. Hrós til lestrarhvetjandi skólabókasafns. Í fyrra var skólinn yfir landsmeðaltali í 1. – 6. bekk en dalar heldur í 7. og 8. bekk en er samt yfir landsmeðaltali. Skólinn er í öllum bekkjum ofar landsmeðaltali í þátttöku í lesfimiþrófunum.

5. Önnur mál

Ólöf kom með ábendingu um að virkja foreldrafélagið frekar. En stjórn foreldrafélagsins ræddi á síðasta fundi að það hefði verið mjög sniðugt að virkja foreldrafélagið í tengslum við kynningu um líðan unglunga sem var fyrir foreldra í ákveðnum árgangi og þannig virkja allt skólasamfélagið. Nýta foreldrafélagið til að ýta á foreldra og ná til sem flestra foreldra.

Fyrirspurn um hvort skólinn ætti að vera með Facebook-síðu. Hefur verið rætt en ekki náð lendingu m.t.t. hver á að hafa umsjón með henni o.fl..

Ábending um heimasíðu skólans. Þarft er að uppfæra hana og gera hana að þeirri upplýsingamiðlun sem hún hefur möguleika á að vera.

Guðrún spyr um hvað á að gera fyrir þá nemendur sem ætla í Pisa. Hvort það ætti að umbuna þeim þátttökuna, t.d. pítsuveisla. Hugmynd um að bjóða þeim t.d. morgunverð og skapa þannig tækifæri til að skapa jákvæða stemningu og að þeim líði vel þegar þau taka prófið.

Fundaritari: Sigríður Halldórsdóttir